



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Forstöðumaður:

Hildur Friðriksdóttir

Eirbergi, Eiríksögðu 34
101 Reykjavík
Sími: 525-5280
Fax: 525-4963
Netfang: rsh@hi.is

Ritstjóri Rannsóknafréttar: Hildur Friðriksdóttir
Hafðu samband ef þú vilt gerast áskrifandi.

Í stjórn RSH sitja:

Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður
Helga Bragadóttir
Lilja Stefánsdóttir
Helga Gottfreðsdóttir

www.rsh.hi.is

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Rekstrarfé hennar kemur frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala, m.a. með því að bygga upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna.

Árið 2007 var stofnaður **Rannsóknasjóður Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur**, sem ætlað er að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til doktorsnáms. Ábúga-samir geta styrkt sjóðinn með ýmsu móti t.d. með frjálsum framlögum, sent minningar- eða tækifæriskort o.fl. Hægt er að hafa samband við stofnunina í síma eða gegnum heimasíðu (sjá hér t.v.). Fjárbæðir má leggja inn á eftirfarandi bankareikning hjá Glitni: 0513-26-004057.

Kennitala styrktarsjóða HÍ er 571292-3199.

Viðburðir á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði

Á haustmisseri verður fjöldi viðburða á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði. Þá má sjá þá í heild sinni á: www.rsh.hi.is. Viðburðir opnir almenningi eru eftirfarandi:

Málstofur eru annan hvern mánudag kl. 12.10-12.50 í stofu C-201, 2. hæð í Eirbergi, Eiríksögðu 34.

Næsta málstofa er **6. okt.** en þá flytur Alda Ásgeirsdóttir erindið: *Upplifun sjúkraliða af vinnu sinni og vinnuumhverfi á bráðalegudeildum.*

20. okt. flytur dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir erindið *Bragðast hollur matur betur í Latabæjarumbúðum?*

3. nóv. flytur dr. Þórdís Rúnarsdóttir erindið: *„Að vera í kjörþyngd þýðir einfaldlega að ég sé of feit.“ Rannsókn á*

átröskun íslenskra kvenna og stúlkna.

Síðasta málstofa haustsins verður **17. nóv.** Þá flytur dr. Kristín Björnsdóttir erindið. *Hvað er góður árangur í heimahjúkrun? Staðlar, sveigjanleiki og sjálfræði.*

Opnir fyrirlestrar verða:

8. okt. kl. 15–16 flytur dr. Sioban Nelson deildarforseti í Torontoháskóla fjárfundar-erindið: *Revisiting the theory-practice gap: technical, theoretical and practice considerations* í Hringisal LSH við Hringbraut.

Tveir nýtskrifaðir doktorar og kennarar hjúkrunarfræðideildar flytja erindi í Hátíðasal Háskóla Íslands. Þeir eru:

Dr. Brynja Örlýgsdóttir sem flytur erindið, *Þróun mæli-*

tækisins: *Heilsuefling 10–12 ára skólubarna og notkun þess við gagnanám*, þann **30. okt.**

Dr. Helga Lára Helgadóttir sem flytur erindið *Fræðsla til foreldra um verkjameðferð barna heima eftir hálskirtla-töku* þann **13. nóv.** nk.

Tvö málþing verða haldin á vegum RSH. Hið fyrri í samvinnu við nám í ljósmóðurfæði og verður það í Norræna húsinu **31. okt.** nk. kl. 14–17.

Síðara málþingið verður haldið í samvinnu við rannsóknánámsnefnd hjúkrunarfræðideildar og verður það **4. des.** nk., einnig í Norræna húsinu.

Þrjú meistaranemar í hjúkrunarfræði kynna lokaverkefni sín **9. okt.** nk. kl. 13–14.30 í Eirbergi.



Ljósm./LSH - Inger

Rannsóknafréttir



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Tveir doktorsnemar í hjúkrunarfræði hlutu rannsóknastyrki

Stjórn Rannsóknarsjóðs Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur (RIM) hefur veitt tveimur doktorsnemum við hjúkrunarfræðideild HÍ, þeim Eydísi Kr. Sveinbjarnardóttur og Jóhönnu Bernharðsdóttur, 375 þúsund króna styrk hverri um sig.

Doktorsrannsókn Eydísar „Fjölskylduhjúkrun á bráðageðdeildum“ felst í því að skoða ávinning af stuðningi hjúkrunarfræðinga við sjúklinga og aðstandendur þeirra á bráðageðdeildum á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Fjölskyldustuðningurinn byggir á fjölskyldumats- og meðferðarlíkani sem þróað hefur verið í Calgary, Kanada, sl. 35 ár af teymi hjúkrunarfræðinga. Rannsókn Eydísar er magnbundin tilraunasniðsrannsókn og er því frábrugðin fyrri rannsóknum á þessu sviði sem byggja fyrst og fremst á eigindelegum rannsóknaraðferðum.

Viðhorf hjúkrunarfræðinga á geðsviði LSH til fjölskyldu-stuðnings er einnig metið ásamt skráningu fjölskyldu-hjúkrunar.

Megin tilgangur doktorsrannsóknar Jóhönnu „Sálræn liðan

kvenstúdentanna við Háskóla Íslands“ er tvíþættur. Annars vegar samanburður á tíðni depurðar- og kvíðaeinkenna meðal kvenstúdentanna við HÍ og annarra samfélagshópa. Hins vegar að þróa og forprófa forvarnarnámskeið til að efla geðheilbrigði kvenstúdentanna til varnar kvíða- og þunglyndiseinkennum.



Ljósm./Gunnar. Styrkþegamir ásamt Sóleyju Bender deildarforseta, Ingibjörgu R. Magnúsdóttur og Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur formanni stjómarsjóðsins.

Í ljósi könnunar vorið 2007 um að íslenskir kvenstúdentar geti haft gagn af markvissri geðheilbrigðisþjónustu hefur forvarnarnámskeið verið þróað. Nú þegar hefur hópi kvenstúdentanna verið boðið upp á námskeiðið og rannsóknir á árangri þess standa nú yfir.

Verkefnið verða kynnt á málþingi 4. des. nk.

Það helsta í blaðinu

Ritstjórnarpistill	2
Doktor í hjúkrunarfræði	2
Málþing RSH og ljósmæðra	2
RIM hefur náð 10 m.kr. markinu	3
Bylting í kennslu í hjúkrunarfræði	4
Viðburðir á vegum RSH	4

Herdís Sveinsdóttir formaður evrópusamtakanna WENR

Herdís Sveinsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, hefur verið kosin formaður Samtaka evrópskra hjúkrunarfræðinga (WENR).

Samtökin voru stofnuð árið 1978 af 26 hjúkrunarfræðingum frá 18 Evrópulöndum.

Meginmarkmið samtakanna er að efla tengslanet evrópskra hjúkrunarfræðinga. Það hefur verið gert á margvíslegan máta meðal annars með ráðstefnum, málþingum, samstarfsverkefnum, óformlegum samskiptum og gerð gagnabanka um evrópskar hjúkrunarfræðisakenda.

WENR vinnur jafnframt með Evrópusamtökum hjúkrunarfræðinga (EFN) að framgangi rannsókna til hagsbóta fyrir íbúa Evrópu.

Sjá upplýsingar um WENR: <http://www.wenr.org/>



Ritstjórnarpistill

Innan háskóladeilda er sífellt verið að leita leiða til að efla rannsóknarvirkni. Sú áhersla tekur nú meira rými í allri umræðu um þróun og skipulag náms innan Háskóla Íslands. Í raun má segja að einn veigamesti þáttur í þróun og uppbyggingu rannsókna sé efling framhaldsmenntunar. Á það hefur margoft verið bent þegar framtíðarsýn skólans er kynnt.



Helga Gottfreðsdóttir lektor og varamaður í stjórn RSH.

Á þessu ári eru liðin 10 ár frá því að fyrstu nemendurnir innrituðust í meistaranám við deildina og hafa um 55 nemendur nú lokið því námi.

Jafnframt eru nú 10 ár frá því að fyrstu ljósmæðurnar luku embættisprófi frá hjúkrunarfræðideild.

Frá 2005 hefur síðan verið unnið að uppbyggingu doktorsnáms fyrir hjúkrunarfræðinga

og ljósmæður og eru nú 4 doktorsnemendur við deildina. Án efa hefur þessi vöxtur í framhaldsnámi í hjúkrun og í ljósmóðurfræði við deildina átt sinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur í rannsóknarvirkni kennara.

Einnig ber að líta til þess að á sama tíma hefur Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði eflst með hverju ári. Ekki er síður nauðsynlegt að hlúa að slíkri starfsemi, t.d. hafa litlar einingar, eins og ljósmóðurfræði með aðeins tvo fasta kennara, ekki burði til að halda úti öflugum rannsóknastarfi nema til komi stuðningur eins og sá sem rannsóknastofnun veitir.

Á komandi vetri, þegar grunnur verður lagður að starfs-einingum hins nýja heilbrigðisvísindasviðs, er mikilvægt að

deildin eigi ríkan þátt í því að móta þá vinnu sem sérstaklega snýr að uppbyggingu og stuðningi við rannsóknir.

Slíkt getur jafnframt skapað ákveðin tækifæri í þverfaglegri vinnu við rannsóknarverkefni en áhersla er nú lögð á þann þátt ekki síst vegna samkeppni um fjármagn.

Rannsóknastofnun kynnis í þessu fréttabréfi starfsemi vetrarins sem er mjög fjölbreytt.

Auk þeirra viðburða sem þar eru nefndir og eru opnir almenningi, eru ýmsir viðburðir fyrir kennara deildarinnar. Hvort tveggja ber vott um grósku í rannsóknum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Munu þeir vonandi hvetja til enn frekari virkni á þeim vettvangi.

Brynja Örlygsdóttir lektor ver doktorsritgerð sína

Brynja Örlygsdóttir lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands varði doktorsrannsókn sína við the University of Iowa (UI) í Bandaríkjunum hinn 4. júní sl.

Rannsókn Brynju nefnist „Using knowledge discovery to identify potentially useful patterns of health promotion

behavior of 10–12 year old Icelandic children“ Rannsóknin fjallar um þróun mælitækisins *Heilsuefling 10–12 ára skólabarna* og hvernig hægt er að nota það til að spá fyrir um heilsueflingu barna með gagnanámi (data mining).

Leiðbeinandi Brynju var dr. Ann Mary MacCarthy prófessor

við UI. Í doktorsnefndinni voru einnig dr. Connie Delaney, deildarforseti hjúkrunarfræðideildar the University of Minnesota, dr. William Street dósent við viðskiptadeild UI, dr. Der-Fa Lu og dr. Charmain Kleiber lektorar við hjúkrunarfræðideild UI og dr. Rúnar Vilhjálmsson prófessor við hjúkrunarfræðideild HÍ.

Málþing í tengslum við útgáfu bókar um ljósmóðurfræði

Málþing verður haldið á vegum náms í ljósmóðurfræði og Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði þann 31. október 2008.

Tilgangur málþingsins er að vekja athygli á útgáfu bókar sem er í undirbúningi í telfni 90 ára afmælis Ljósmæðrafélags Íslands

Á málþinginu gefst höfundum, sem eiga kafla í bókinni, tækifæri til að kynna efni sitt.

Vert er að benda á að á málþinginu munu tvær ljósmæður, sem nýlukið hafa meistaranámi, kynna verkefni sín.

Anna Sigríður Vernharðsdóttir lauk námi frá University of Sheffield á Bretlandi. Fjallar rannsókn hennar um áhrif nálastungumeðferðar sem veitt er frumbyrjum eftir 41. viku (+/- 2 dagar) í eðlilegri meðgöngu á sjálfkrafa byrjun fæðingarhríða og þroskun legháls. Um forprófun var að

ræða og var rannsóknin unnin í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítalann og ljósmóðurfræðinám HÍ.

Valgerður Lísá Sigurðardóttir lauk meistaranámi sínu frá HÍ 2008. Byggðist meistara-verkefni hennar á eigindlegri rannsókn þar sem skoðað var sjónarhorn íslenskra ljósmæðra á nokkur hugtök: Eðlilegar fæðingar, öryggi og áhætta.



Ljósm./LSH, Inger

„Brynja flytur erindi um doktorsrannsókn sína 30. okt. nk. kl. 15 í Hátíðarsal HÍ“

Markmið varðandi söfnun í rannsóknasjóð umfram væntingar

Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur (RIM) hefur borist nokkrar stórar gjafir á árinu 2008. Sjóðurinn er nú kominn í 10,4 m.kr. sem er langt umfram væntingar. Í stefnu hjúkrunarfræðideildar var áætlað að veita fyrst úr sjóðnum árið 2010 enda hefði sjóðurinn þá náð 10 m.kr.

Í sumar gaf Ingibjörg R. Magnúsdóttir 750 þúsund krónur í sjóðinn í tilefni af 85 ára afmæli sínu og fór hún þess á leit að þessari fjárhæð yrði úthlutað sem fyrst. Styrki hlutu tveir doktorsnemar við hjúkrunarfræðideild HÍ eins og

greint er frá á forsiðu.

Fyrir utan þessa eyrnamerktu upphæð gaf Ingibjörg enn fremur kr. 1.000.000 í sjóðinn. Þá færði Sigurður Helgason stærðfræðiprófessor við Massachusetts Institute of Technology (MIT) sjóðnum einnig gjöf, kr. 1.000.000.

Í bréfi með gjöfinni kemur fram að hjálpssemi og vinátta Ingibjargar við foreldra Sigurðar fyrir margt löngu sé meginástæða fyrir gjöfinni.

Sigurður var staddur á Íslandi sl. sumar og komst að raun um að Ingibjörg hefði haft frum-

kvæði að stofnun rannsóknarsjóðsins. „Mér er enn í minni hversu mikil stoð og hjálparhella þú varst foreldrum mínum þegar þau voru að flytja suður. Ég veit að þetta hefðu þau viljað,“ segir Sigurður í bréfi sem hann sendi eftir Íslandsförina.

Þessi árangur hlýtur að verða aukin hvatning fyrir ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til að hefja doktorsnám, þar sem sjóðurinn er til styrktar þeim markhópi.



Ljósm./LSH, Inger

Kynning á lokaverkefnum meistaranema 9. október 2008

Þrjú hjúkrunarfræðingar brautskrást með meistaragráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands laugardaginn 25. okt. 2008.

Guðrún Björg Erlingsdóttir. Heiti verkefnis hennar er: *Fjölskyldan og þarfir hennar á slysa- og bráðamóttöku*. Leiðbeinandi var Herdís Sveinsdóttir.

Sigríður Zoëga. Verkefnið

hennar heitir: *Einkenni og lífsgæði: Lýsandi fylgnirannsókn á sambandi einkenna og lífsgæða hjá sjúklingum með langt gengið krabbamein*. Leiðbeinandi hennar var Sigríður Gunnarsdóttir.

Sólborg Sumarliðadóttir. Verkefni hennar nefnist: *Að eldast heima: Hvaða aðstoð og aðstæður þurfa að vera til staðar?* Leiðbeinandi hennar

var Kristín Björnsdóttir.

Nemarnir flytja erindi byggð á meistaraverkefnum sínum miðvikudaginn 9. október nk. kl. 13:00–14:30 í stofu C-103 í Eirbergi, Eiríksgötu 34.

Allir eru velkomnir.

Fullkominn hermir við klíniska kennslu

Nýverið keypti hjúkrunarfræðideild SimMan® sýndarsjúkling frá Laerdal með styrk úr Tækjakaupasjóði Háskóla Íslands.

Um er að ræða tölvudrífinn hermi sem líkir eftir viðbrögðum raunverulegs sjúklings, allt eftir því hvaða þætti á að þjálfva hverju sinni.

Sjúklingurinn getur til dæmis farið í ofnæmislost, lungu hans geta fallið saman og hægt er að stýra lungnahljóðum hans, hjartslætti og garnaahljóðum svo fátt eitt sé nefnt. Þannig er

um að ræða fullkominn hermi fyrir kennslu í nákvæmu líkamsmati og öllum bráðaaðstæðum sem upp geta komið inni á spítala. Því er um að ræða mikla framþróun í hjúkrunarfræðikennslu sem og kennslu annarra heilbrigðisvísindagreina.

Sýndarsjúklingurinn verður notaður til kennslu grunn- og framhaldsnema í hjúkrunarfræði, en aðrir eiga einnig kost á þjálfun.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Jónsson, umsjónar-

maður hermisis (thorsj@hi.is, s. 661 8290).

Innan tíðar verður auglýst sérstök kynning á herminum þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að skoða sýndarsjúklinginn og afla sér frekari upplýsinga.



Ljósm./Kristín. Þorsteinn Jónsson, annar frá hægri, sýnir starfsfólki hjúkrunarfræðideildar nýja sýndarsjúklinginn.